

**REG 2 Smáralind**  
**Fagfjárfestasjóður**

Ársreikningur 2013

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	7
Yfirlit um fjárfestingar .....	8
Skýringar .....	9





# Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	17.12.-31.12 2012
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	4-5		
Vaxtatekjur og verðbætur .....		694	24
Vaxtagjöld og verðbætur .....		( 685 )	( 24 )
Hreinar fjármunatekjur		<u>9</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýsluþóknun .....	6	<u>9</u>	<u>0</u>
		<u>9</u>	<u>0</u>
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....</b>		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	9.065	9.041
Fjárfestingar samtals	13	<u>9.065</u>	<u>9.041</u>
Aðrar eignir .....	9	3	0
Handbært fé .....	8	3	1
Aðrar eignir samtals		<u>6</u>	<u>1</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>9.071</u></u>	<u><u>9.042</u></u>
<b>Skuldir</b>			
Hlutdeildarskírteini .....	11	1	1
Útgefin skuldabréf .....	12	9.063	9.041
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag .....		7	0
Aðrar skuldir samtals		<u>9.070</u>	<u>9.041</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>9.071</u></u>	<u><u>9.042</u></u>
Hlutdeildarskírteini .....		0,69	0,60
Fjöldi eininga (í millj.) .....		<u>0,60</u>	<u>0,60</u>
Gengi sjóðsbréfa í lok ársins .....	11	<u>1,16</u>	<u>1,01</u>

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2013

	Skýr.	2013	17.12-31.12 2012
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....		<u>0</u>	<u>1</u>
		<u>0</u>	<u>1</u>
<b>Hækkun á hlutdeildarskírteinum .....</b>		0	1
<b>Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....</b>		<u>1</u>	<u>0</u>
<b>Hlutdeildarskírteini í lok ársins .....</b>	11	<u><u>1</u></u>	<u><u>1</u></u>

# Yfirlit um fjárfestingar 2013

	Markaðs- verð	Eign 2013 %	Eign 2012 %	Eign Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningur við Eignarhaldsfélagið						
Smáralind ehf. ....	9.065	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé .....	0	0	0	0	0	100
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga .....</b>	<b>9.065</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>0</b>		



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Starfsemi

Sjóðurinn REG 2 Smáralind var stofnaður 17. desember 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur REG 2 Smáralind er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningurinn er ekki hluti af ársreikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

### 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningsskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2014. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

### 5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

### 6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,1% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

#### Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánsamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

### 8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

### 9. Aðrar eignir

Til annarra eigna telst mismunar sem myndast þegar skuldir eru umfram verðmat eigna sjóðsins.

## Skýringar, frh.:

### 10. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

### 11. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun fyrir sjóðinn REG 2 Smáralind miðað við 31. desember 2013 er:

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði .....	2,73%
Síðustu 6 mánuði .....	5,69%
Síðustu 12 mánuði .....	10,94%

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti	Gengi
31. desember 2013 .....	1	1,16
31. desember 2012 .....	1	1,01

### 12. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn REG 2 Smáralind gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggð lán .....	9.063
----------------------	-------

Greiðslur af útgefnum skuldabréfum í árslok 2013 greinast þannig:

Til greiðslu 2014 .....	327
Til greiðslu 2015 .....	312
Til greiðslu 2016 .....	312
Til greiðslu 2017 .....	312
Til greiðslu 2018 .....	312
Til greiðslu síðar .....	7.488
	<u>9.063</u>

### 13. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar .....	9.065	100	9.065	100
	<u>9.065</u>	<u>100</u>	<u>9.065</u>	<u>100</u>